

Mál nr. 257/2021**M og****V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Upphaf ágreinings og tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot M, mótt ekið 22.6.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-28.

Bréf V, dags. 11.8.2021.

Bréf M, mótt ekið 12.8.2021.

Málsatvik.

M hafði verið leigutaki tiltekinnar íbúð í sex ár þegar hún skilaði íbúðinni af sér þann 1.7.2019. Í kjölfarið áttu sér stað samskipti milli M og leigusalans sem liggja fyrir í málinu. Fór svo að leigusalinn krafði M um greiðslu skaðabóta, með bréfi dags. 22.7.2019, vegna meintra skemmda á íbúðinni sem hann telur M bera skaðabótaábyrgð á. M hafnaði kröfunni með bréfi dags. 27.9.2019. Leigusalinn sendi svo annað kröfubréf hinn 28.11.2019 og hafnaði M kröfunni aftur þann 9.12.2019 en bauð fram kr. 120.000,- í sáttarskyni, án viðurkenningar, til að ljúka málinu. Leigusalinn hafnaði sáttarboði M þann 10.12.2019. Hinn 10.2.2021 var lögmanni M birt stefna vegna málsins sem hann undirritaði fyrir hönd hennar. Tilkynnti M málið til V þann 19.5.2021 og hafnaði V kröfunni með bréfi þann 25.5.2021 á þeim grundvelli að krafa M á hendur félaginu væri of seint fram komin.

M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni vegna lögfræðikostnaðar. Vísar M til þess að hún hafi talið málinu lokið þann 10.12.2019, þar sem hún hafi talið málstað sinn sterkan og kröfur leigusalans ósanngjarnar. Telur M að miða eigi upphaf tilkynningarfrests skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga við útgáfu stefnu sem birt var þann 10.2.2021 og að tilkynning M til félagsins sé innan þess tímafrests sem getið er framangreindu ákvæði laga um váttryggingarsamninga.

V vísar til þess að skv. skilmálum félagsins, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glati váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Telur félagið að ágreiningurinn hafi komið upp á árinu 2019 að M hafi frá þeim tíma vitað um atvikin sem hún er reist á. Í þessu sambandi bendir V á að í kröfubréfi leigusalans hafi verið kveðið á um að krafan verði innheimt með atbeina dómstóla fáist hún ekki innheimt og að M hafi áskilið sér rétt til að taka til varna fyrir dómstólum í svarbréfi sínu. Enn fremur bendir V á að M hafi ekki verið með tryggingar hjá félaginu þegar stefnan barst í febrúar 2021.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur er milli M og fyrrum leigusala fasteignar um réttmæti skaðabótakröfu leigusalans á hendur M. Af bréfaskriftum M og leigusalans frá árinu 2019 verður ekki annað ráðið en að ágreiningurinn hafi komið upp á árinu 2019 í kjölfar þess að leigusalinn krafðist skaðabóta úr hendi M vegna hins meinta tjóns. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glatar váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Að teknu tilliti til gagna málsins verður að líta svo á að M hafi mátt vita að upp væri kominn réttarfarslegur ágreiningur allt frá því að fyrri kröfubréf leigusalans barst þann 22.7.2019. Þá liggur fyrir að í kröfubréfi M var hafður uppi áskilnaður um að krafan yrði innheimt með atbeina dómstóla ef hún fengist ekki innheimt. Þegar sáttarboði M var hafnað hafi hún því mátt vita að uppi væri réttarfarslegur ágreiningur sem væri á leið fyrir dómstóla ef hún aðhefðist ekki frekar.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar upphaf ársfrest skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi í allra síðasta lagi byrjað að líða þann 10.12.2019, þegar leigusalinn hafnaði sáttarboði M. Krafa M í málskostnaðartryggingu, sem barst V þann 19.5.2021 er því of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. M á þar af leiðandi ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir